

*Sent í tölvupósti*

Reykjavík, 13. desember 2023

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
v.t. Teitur Björn Einarsson, formaður

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2024, 2. mál, 154. löggjafarþing.**

Í breytingatillögu meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar, þingskjal 727, vegna frumvarps þessa eru lagðar til breytingar á bæði búvörulögum nr. 99/1993 og búnaðarlögum nr. 70/1998. Tillögurnar eru eftirfarandi:

Breyting á búvörulögum:

*a. (33. gr.)*

*Við 2. mgr. 81. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þá er ráðherra heimilt að setja reglugerð um sérstök verkefni og stuðning sem fellur utan samninga sem gerðir eru á grundvelli 1. mgr. 30. gr.*

Breyting á búnaðarlögum:

*b. (34. gr.)*

*Við 19. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þá er ráðherra heimilt að setja reglugerð um sérstök verkefni og stuðning sem fellur utan samninga skv. 3. gr.*

Bændasamtök Íslands telja að tillögur þessar feli í sér grundvallar breytingar á fyrirkomulagi landbúnaðarframleiðslu á Íslandi. Skýrist sú afstaða meðal annars af eftirfarandi.

Í búnaðarlögum segir í 2. málslíð 3. gr.: [Ráðherra] skal gera samning við Bændasamtök Íslands til tíu ára í senn um verkefni samkvæmt lögum þessum og framlög til þeirra. Í 2. mgr. sömu greinar er síðan tiltekið að ríkissjóður veiti árlega framlög til verkefna samkvæmt lögnum og eru þar meðal annars taldir upp málaflokkarnir *átaksverkefni* og *þróun*.

Í a-lið 1. mgr. 30. gr. búvörulaga er að finna sérstaka heimild stjórnvalda til að gera búvörusamninga við Bændasamtök Íslands. Slíkir samningar voru síðast gerðir árið 2016 og eru með gildistíma til ársins 2026. Í 2. málslíð a-liðar er að finna heimild til að gera samninga beint við framleiðendur hafi stjórnvöld ekki gert búvörusamninga við Bændasamtök Íslands, sú heimild getur eðli máls samkvæmt ekki virkjast fyrir en í fyrsta lagi árið 2027.

Í 1. mgr. 4. gr. búvörulaga kemur skýrt fram að það eru Bændasamtök Íslands sem fara með fyrirsvar framleiðenda búvara við framkvæmd laganna. Rétt er að taka fram að í orðskýringum 2. gr. laganna kemur einnig fram að búvörur ná yfir afurðir nytjajurta en þar undir falla meðal annars allar tegundir korns.

Í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar, þingskjal 726, segir um breytingatillögur þessar að þær tengist fjármunum sem renna eiga til stuðnings innlendri framleiðslu á korni til fódurs og manneidis. Eins og Alþingi er kunnugt um stendur nú yfir endurskoðun á gildandi búvörusamningum í samræmi við lagaheimildir þess efnis. Bændasamtökin hafa skipað samninganefnd í samræmi við 3. gr. búvörulaga sem fer með umboð til samningagerðar f.h. bænda. Samninganefndin hefur, fyrir nokkru síðan, óskað eftir samtali við samninganefnd ríkisins um það hvernig fjármunum þessum sem hér um ræðir verður komið fyrir innan gildandi búvörusamninga. Var því hafnað af samninganefnd ríkisins án frekari skýringa.

Það er afstaða Bændasamtaka Íslands að breytingatillögur þessar á bæði búvörulögum og búnaðarlögum gangi gegn fjölda ákvæða laganna auk þess að vera aðför að lögbundnu samningsumboði Bændasamtaka Íslands fyrir hönd bænda. Samtökin hafna því alfarið breytingatillögum þessum og krefjast þess að tillögur þessar verði felldar út. Þá leggja samtökin einnig til að efnahags- og viðskiptanefnd beini því til matvælaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra að ráðherrarnir feli fulltrúum sínum í samninganefnd ríkisins vegna endurskoðunar búvörusamninga að hefja samtal um hvernig fjármunum þeim sem um ræðir verður fyrir komið í gildandi búvörusamningum.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur